

Fundargerð

211. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 15. september 2015 kl. 12¹⁵–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Stjórn og fyrirkomulag stjórnarfunda
- (3) Ársreikningur og skýrsla stjórnar 2014
- (4) Raftæki
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (210. fundar).

2. Stjórn og fyrirkomulag stjórnarfunda

Formaður stjórnar bauð nýja stjórn ÚS velkomna til starfa. Hann fór yfir það að nú væri stjórn ÚS skipuð sjö fulltrúum í stað sex áður. GGÞ lagði fram tillögu að fundartími stjórnar verði á þriðjudögum kl. 12:15 – 13:30. Fjöldi funda mun ráðast af viðfangsefnum hverju sinni.

Kosning varaformanns: *Bryndís Skúladóttir var kosin varaformaður.*

Rætt var um fyrirkomulag varðandi varamenn, þ.e. boðun á fundi og afhending fundargagna fyrir stjórnarfundi. GGÞ fór yfir það að best færi að aðalmenn hefðu samband við sinn varamann, fari svo að aðalmaður forfallist. Fundarmenn féllust á þá tilhögun.

GGÞ og ÓK fóru yfir þau mál sem yrðu til umfjöllunar hjá stjórn ÚS í haust og tímasetning umræðu, lagður var á fundinum fram listi umfjöllunarefna sem biði stjórnar.

3. Ársreikningur og skýrsla stjórnar 2014

Lögð voru fram drög að ársreikningi fyrir árið 2014 og skýrslu stjórnar sem stjórnin fór yfir. ÓK fór helstu niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings fyrir árið 2014 sem og sjóðsstreymi. Stjórn ræddi um liðinn „Bundið eigið fé.“ ÓK falið að kanna málið við UAR hver framtíð þessarar bindingar verði.

ÓK fór yfir rekstrarniðurstöðu einstakra flokka. Hann ræddi sérstaklega stöðu sjóðs vegna framköllunarefna. Það væri ljóst að allur almenningur væri hættur að nota framköllunarefni og

Það gæti verið ráð að hætta að innheimta úrvinnslugjald og koma kostnaði við úrganginn beint á notendur án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

HÞH spurði um neikvæða stöðu á sjóði raftækja þar sem að Úrvinnslusjóður tók ekki við þeim flokki fyrr en 1. janúar 2015. ÓK upplýsti að um undirbúningskostnað væri að ræða. Umræðu frestað.

Lagt var fram á fundinum yfirlit um rekstrartölur fyrir vörflokka ÚS fyrstu sjö mánuði ársins 2015.

4. Raftæki

Lagt var fram á fundinum yfirlit yfir álagt magn raftækja, safnað magn raftækja annars vegar og tekjur af úrvinnslugjaldi og breytilegan kostnað við úrvinnslu raftækja hins vegar fyrir tímabilið janúar - júlí 2015. ÓK fór yfir helstu niðurstöður. HÞH upplýsti að raftækjasalar hefðu frestað eins og hægt var að flytja inn raftæki fyrir jól 2014 sem getur leitt til þess að innflutningur í janúar 2015 væri óvenju mikill.

5. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 29. september 2015.

Fundi slitið kl 14:00